


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ENS443 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Jónas Jónsson og Sigurður H. Sigurðsson	Sk.st.	JÓJ og SHS
-----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áhersla lögð á fjölbreytilega texta, t.d. greinar úr fagbókum og -tímaritum. Lesið er bókmenntaverk sem fjallar um félagsleg málefni. Sérstök áhersla á fagorðaforða.

Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti, geti rökstutt skoðanir sínar og tileinkað sér fagorðaforða. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, m.a. við öflun upplýsinga á bókasöfnum, Neti og í margmiðlunarefni.


Markmið:

Nemandi

- ráði yfir fagorðaforða og grunnhugtökum á sviði félagsvísinda
- hafi fengið þjálfun í samningu ritgerða
- geti hlustað á og skilið raunefni, t.d kvikmyndir, fyrirlestra og ýmiss konar fræðsluefni
- geti tjáð sig munnlega og rökrætt um sérhæft efni
- geti útskýrt, umorðað og notað fagorðaforða
- sé fær um að vinna að hópverkefnum
- hafi lesið óstyttu skáldsögu og fjallað um hana á fræðilegum grunni

Námsgögn:

- *Ens 443-Echoes of English*, haustönn 2013 (hefti) – fæst á skrifstofu VMA
- *The Kite Runner*, Khaled Husseiní. 2013

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENS443	Kennsluáætlun haustönn 2013

Áætlun um yfirferð:

VIKUNÚMER (samkvæmt innu)	NÁMSEFNI	VERKEFNI/PRÓF
Lota 1 (ágúst-sept)	Unnið með texta úr hefti. Undirbúningur fyrir kynningar. Byrjað að lesa skáldsögu. Nemendur safna efni í ferilmöppu.	Verkefni með textum. Stílar. Spurningar úr skáldsögu.
Lota 2 (sept-okt)	Unnið með texta úr hefti. Haldið áfram með skáldsögu.	Kynningar á verkefnum er tengjast skáldsögu.
Lota 3 (okt)	Munnlegt próf úr skáldsögu og ritunarverkefni úr skáldsögu.	
Lota 4 (nóv)	Unnið með texta úr hefti. Undirbúningur ritgerðar út frá ákveðnu þema.	Stílar. Orðaforðaverkefni. Ritgerð skilað.
Lota 5 (nóv)	Unnið með texta úr hefti Kynning á ritgerð.	Verkefni með textum. Kynningar. Möppu skilað. Stílar.


Verkefni/Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni	Vægi
Ritun og spurningar úr skáldsögu	10%
Munnlegt próf úr skáldsögu	10%
Kynningarverkefni	5%
Orðaforðaverkefni	10%
Ritgerð og kynning	20%
Mappa	5%
Lokapróf	40%

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um varðandi mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni og málinu vísað til skólaráðs til frekari ákvörðunar. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Með fyrirvara um breytingar.


Undirritun kennara

 21/8/2013
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils